

Tilvera

Fólk - Heimilið - Dægradvöl

Netfang: tilvera@dv.is
Sími: 550 5824 - 550 5810

Myndlistarsýningar

Sæmundur á Kjarvalsstöðum

Á morgun kl. 14 verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á verkum myndhöggvarans Sæmundar Valdimarssonar. Verk Sæmundar hafa náð miklum vinsældum meðal þjóðarinnar fyrir sérstakan stíl. Trémyndir sínar vinnur listamaðurinn úr rekaviðardrumbum og sýna þær ævintýraverur huldurheima sem standa landsmönnum nærri í gegnum þjóðtrú og sagnaminni. Í tengslum við sýninguna verður efnt til námskeiðs í tréskurði 5. október í samstarfi við Skógrækt ríkisins. Sýningin stendur til 12. október.

Gult ljósfar

Sýning Birgis Sigurðssonar, Gult ljósfar, verður opnuð klukkan 20 í kvöld að Hafnargötu 2 í Reykjanesbæ. Hluti af sýningunni er hljóðverk Odds Garðarssonar. Sýningin verður opin frá 14-22 á morgun og frá 14-18 á sunnudag. Sýningin stendur aðeins þessa helgi. Sýningin er sú fyrsta af fjórum ljósfarasýningum. Hver sýning er sérstakt verk en saman mynda þær eina heild: gulur, rauður, grænn og blár. Hljóðverk verður samið fyrir hverja sýningu. Ljósfarið er farartæki gula ljóssins á ferð þess um himingeyminn en hefur hér stuttan stans.



Fæturnir titra

Listamaður Gallerí Kambs að þessu sinni er listakonan Hulda Vilhjálmisdóttir.

Hulda útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2000. Síðan hefur hún haldið sjö einkasýningar. Listakonan segir um sýninguna: „Titillinn að sýningunni, Fæturnir titra, gerist þegar við erum ástfangin, skilningarvitin verða stjórnlaus, við verðum næm fyrir náttúrunni, og það verður þannig að fjallið Hekla titrar og gýs, kannski af ást og ótta. Sýningin fjallar um konu, fjall, börn og náttúru mannsins, blossandi og ólgandi. Þetta eru tilfinningaverk og ljóðræn í senn.“ Við opnunina leikur Geir Harðarson ljúfa hausttóna og Elísabet Jökulsdóttir flytur frumort ljóð, Vængjahurðina. Sýningin stendur til 5. október.

Gallerí Sævars Karls

Svanborg Matthíasdóttir opnar málverkasýningu í Gallerí Sævars Karls á morgun kl. 14.

Svanborg útskrifaðist frá Jan Van Eyck Akademi í Hollandi 1987. Hún hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum, bæði heima og erlendis. Áhrifa Svanborgar gættir víða þar sem hún sjálf er frábær málarí og hefur kennt myndlist undanfarin ár í Myndlista- og handíðaskólanum, svo og Listaháskólanum.

Yfirlitssýning

Í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum, Duusgötu 2, verður opnuð í dag kl. 17 yfirlitssýning á verkum Stefáns Geirs Karlssonar. Stefán Geir lærði plötu- og ketilsmíði á sínum tíma og útskrifaðist sem skipatæknifræðingur árið 1973. Hann hefur fengið við myndlist í 25 ár og er einkum þekktur fyrir skúlptúra sem unnir eru undir áhrifum popplistar. Sýningin stendur til 19. október og er opin alla daga frá 13-17.

Landslag

Á morgun kl. 13 opna myndlistarmennirnir Anna Sigríður Hröðmarsdóttir, Birgir Rafn Friðriksson, Jóhannes Dagsson, Ólafur Sveinsson og Sigurveig Sigurðardóttir sýningu í Safnahúsinu á Húsvík undir yfirskriftinni Landslag. Eins og yfirskriftin gefur til kynna er viðfangsefnið hefðbundið í myndlist en jafnframt sfungt og allaf til endurskoðunar. Ekki er um að ræða neina fyrir fram ákveðna heildarstefnu innan hópsins heldur hefur hver um sig frjálst hendur. Nálgun listmannanna er því jafn ólík og þeir eru margir. Sýningin stendur til 14. september.

Gallerí verður málverk

Á morgun kl. 17 opnar Kristinn Pálmason málverkasýningu í Gallerí Skugga á Hverfisgötu 39. Verk Kristins er unnið sérstaklega inn í rými gallerisins á þann hátt að málað er beint á vegg og glugga. Verkið felur í sér tilraun til að umbreyta sjálfu galleríinu í málverk og hefur þetta áhrif á skynjun sýningargesta; afstaða þeirra til verksins sem áhorfanda breytist því að segja má að þeir verði hluti af sjálfu verkinu. Sýningin stendur til 21. september. Gallerí Skuggi er opið alla daga nema mánudaga kl. 13-17.



Ryk og töfratákn

Á morgun kl. 15 verða opnaðar tvær sýningar í Listasafni ASÍ. Í Ásmundarsal og Gryfu verður opnuð sýning Ingu Jónsdóttur, Ryk, en í Arinstofu sýning á verkum Kristins Péturssonar, Töfratákn.

Inga Jónsdóttir fæddist 1953 og lauk framhaldsnámi frá Academie der Bildenden Künste, í München 1992. Á sýningunni RYK eru þrívíddar- og myndbandsverk, ljósmyndir og teikningar. Kristinn Pétursson (1896-1981) er huldumaður í íslenski myndlist. Kristinn var heimspekilega sinnaður, hreifest að listkenningum Kandinskys um óhlutbundna myndlist, kynnti sér sálfræði og draumakönnun. Hann fékkst við höggmyndagerð, málverk og svartlist. Sýningarnar standa til 12. október.

Maggi og KK í Þórsörk

TÓNLIST: MAGGI EIRÍKS og KK ætla að vera á ferðalagi um landið í september og október. Tílefnið er geisladiskur þeirra, 22 ferðalög, sem hefur selst í um 12.000 þúsund eintökum fram til þessa og stefnir í sölu- met ef ferðalagið heldur svona áfram. Ferðalagið hefst í Þórsörk í hádeginu á morgun. Með í för verður kvikmynd- og

tökulið sem stendur að heimildamyndatöku um ferðina. Stefnt er að því að frumsýna af-raksturinn í haust. Á 22 ferðalögum eru vel valin íslensk dægurlög sem eiga það sameiginlegt að vera í uppáhaldi í ferðalögum. Inni í umslaginu má finna texta sem og gítargrip við lögin þannig hægt er að grípa í gítarinn og taka undir.



Endurmenntun Háskóla Íslands:

Fjölsóttasti skóli lan

Endurmenntun Háskóla Ísland fagnar tuttugu ára afmæli sínu nú í haust. Umfang og starfsemi stofnunarinnar hefur margfaldast á þessum árum og nemendafjöldi farið úr sextíu og fimm fyrsta árið upp í rúm tíu þúsund. Í dag er Endurmenntun HÍ fjölsóttasti skóli landsins með yfir fjögur hundruð námskeið í boði.

„Ég treysti mér ekki að segja hvað veldur þessum vinsældum,“ segir Kolbrún Erla Matthíasdóttir, markaðstjóri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. „Ég tel þó að fólk hafi áttað sig á að stofnunin sé að bjóða upp á vönduð og góð námskeið á góðu verði. Við höfum líka verið að bjóða upp á ókeypis örnámskeið í tengslum við afmælið og þau hafa vakið mikla athygli.“

Aukinn áhugi á námi

Að sögn Kolbrúnar hafa vinsældir námskeiða hjá Endurmenntun aukist gríðarlega frá því að þau fór fyrst á stað. „Fyrsta haustið, 1983, skráðu sig sextíu og fimm en árið 1999, þegar mest var, sóttu tólf þúsund fjögur hundruð og þrjú námskeið hjá okkur.“ Kolbrún segist ekki vita hversu margir komi til með að skrá sig í haust. „Við erum rétt farnir af stað.“

Kolbrún segist halda að vinsældir námskeiðanna eigi sér margar orsakir. „Við erum að bjóða upp fjölbreyttasta úrvalið af þeim sem bjóða upp á svipuð námskeið. Þetta eru námskeið á háskólastigi og í raun ódýr miðað við gæðin. Hugmyndir fólks um endurmenntun hafa breyst mikið síðustu tvo áratugina. Áður fyrr þótti það feimnis-mál að sækja slík námskeið og talið veikleikamerki en í dag sýnir það styrk. Áhugi fólks á að bæta menntun sína hefur líka aukist samfara



DV-mynd GVA

auknum kröfum í samfélaginu. Margir vinnuveitendur ætlast einnig til að starfsfólk sitt sækji ákveðið mörg námskeið á ári til að bæta árangur sinn í starfi og kynnst nýjungum. Auk þess er mikið af fólki sem fer á námskeið vegna þess að það hefur áhuga á viðfangsefni- nu.“

„Ég treysti mér ekki að segja hvað veldur þessum vinsældum,“

Fleiri konur en karlar

„Það er alls konar fólk sem sækir námskeiðin og á öllum aldri. Stærsti hópurinn er á aldrinum þrjátíu og sex til fimmtíu og fimm ára og kynjadreifingin er svipuð og í Háskólanum, sextíu og fjögur prósent konur og þrjátíu og sex prósent

karlmenn.“ Að sögn Kolbrúnar hefur kynjahlutfallið verið að breytast undanfarin ár. „Fyrstu árin voru það aðallega karlmenn sem sóttu námskeiðin en í seinni tíð hafa konurnar sótt í sig veðrið og eru nú í meirihluta.“ Kolbrún segir að hátt hlutfall karla fyrstu árin skýrist líklega af því að þá var mikið um námskeið sem tengdust tækni og hentuðu hefðbundnum karlafögum.

Þegar Kolbrún er spurð hvort fólk með framhaldsskólamenntun sé duglegra en aðrir að sækja endurmenntunarnámskeið segist hún ekki telja að svo sé. „Það fer eftir námskeiðunum. Sum námskeið eru hönnuð fyrir fólk með ákveðna menntum og í sumum tilfellum eru forkröfur. Flest námskeiðin eru þó þannig að allur almenningur getur skráð sig og haft gagn af.“

Ný tækifæri í gagnvirkri margmiðlun:

Völuspá og menningararfurinn

Í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun verður námsstefna sem höfðar til þeirra sem hafa áhuga á listsköpun í nýjum miðlum jafnt og þeirra sem vilja skoða nýjar leiðir í námsefnisgerð, tengdar Völuspá og menning- ararfurinn almenn. Fjallað verður um gagnvirka miðlun með hljóðsýn af nýju verki ensku fræði- og lista- konunnar, Maureen Thomas.

Í kvikmynd sinni nálgast Maureen Völuspá, Hávamál og Snorra-Eddu á nýjan hátt og endur- vekur munnmælahefðina í gegnum nýja miðlun. Vigdís Finnbogadóttir opnar námsstefnuna. Maureen Thomas flytur fyrirlestur um rann- sóknir og vinnu sem liggur að baki

Rúnaspá Völu. Þá verður Media- Desk með kynningu á styrkjakerfi í Evrópu og Pia Vigh, aðalráðgjafi Norrænu ráðherraefndarinnar, greinir frá þróun margmiðlunar- sjóðs á Norðurlöndum.

Eftir hádegi verða pallborðsum- ræður þar sem fram koma fræðimenn og listafólk sem unnið hefur við gerð gagnvirkra verka. Annars vegar verður fjallað um konur, listir og tækni og horft á hvernig ný tækni hefur verið nýtt af konum. Hins vegar verður fjallað um jaðartungu- mál og menningu og hvernig tölvu- listtækni hefur opnað nýja mögu- leika.

Þá gefst námsstefnugestum kost-

ur á að skoða Rúnaspá Völu og reyna sjálfir hvernig sögupersónan Vala getur spáð fyrir þeim og brugðið ljósi á gamla visku sem á erindi til fólks nú á tímum. Einnig gefur að líta verk 5 norræna margmiðlunar- arlistamanna og fræðifólks.

Sýningin á Rúnaspá Völu stendur til 21. september nk. en opnunardaginn verða tónleikar sem nefnast Söngvar Völu. Það er söngkonan frá Litháen sem flytur þar frumsamda tónlist úr Rúnaspá Völu ásamt íslenski hljómsveit. Þetta eru einu tónleikarnir sem hljómsveitin heldur á þessu ári og er einungis opinir námsstefnugestum.